

From: Martin Swift <martin@swift.is>

Sent: 10 June 2020 00:52

To: Borgarlínan <borgarlinan@borgarlinan.is>

Cc: Íbúasamtök Vesturbæjar <ibuasamtokvesturbaejar@gmail.com>

Subject: Ábendingar Íbúasamtaka Vesturbæjar um drög að matsáætlun fyrir fyrstu lotu Borgarlínu

Kæra starfsfólk Verkefnastofu,

Hér eru nokkrar ábendingar Íbúasamtakanna. Þetta er nokkuð snöggsoðið enda gafst okkur ekki mikill tími til að funda um þetta. Við gerum einmitt m.a. athugasemdir um samráðsferlið sem okkur þætti vænt um að næði bæði víðar og dýpra. Við getum vonandi unnið að því saman.

Kveðja,

Martin Jónas Björn Swift

Ábendingar Íbúasamtaka Vesturbæjar

Stjórn Íbúasamtaka Vesturbæjar vilja benda á nokkur atriði varðandi drög að matsáætlun fyrir fyrstu lotu Borgarlínu og hvernig hún snertir íbúa hverfisins.

Valkostir við Suðurgötu

Einn þriggja stóru valkostanna sem enn á eftir að ákveða m.t.t. legu sérrýmis Borgarlínu er þar sem Borgarlínan snertir jaðar Vesturbæjar.

Við Hringbraut er nokkuð þröngt vegstæði og ekki augljóst hvernig koma eigi sérrými Borgarlínu og biðstöðvum fyrri. Það er hins vegar mikið hagsmunamál fyrir íbúa hverfisins að frágangur og aðgengi að Borgarlínu, sem og um þennan einn helsta munna fyrir akandi umferð inn og út úr hverfinu.

Gatnamót við flugbrautarenda

Stígurinn við sjávarsíðuna er mikil náttúruperla og gæta þar að raska henni ekki, t.a.m. með því að aðgreina akreinar almenningsgangna frá göngu- og hjólastígum.

Eins þarf að gæta að forgangi gangandi og hjólandi um gatnamótin við flugbrautarendann. Sú umferð hefur hingað til verið afar örugg en nú stefnir í að þar komi gatnamót með mögulega umtalsvert meiri umferð. Verði öll umferð í plani rýrist mjög öryggistilfinning vegfarenda og aðstandenda barna.

Leita þarf leiða til að aðgreina hörðu og mjúku ferðamatana.

Upplýsingaflæði og samráð

Í lið 9.2 í drögum að matsáætluninni segir að þau verði m.a. send á íbúasamtök. Íbúasamtök Vesturbæjar hafa aftur á móti ekki fengið nein slík, og Íbúasamtök Laugardals virðast sömuleiðis ekki hafa fengið neitt veður af samráðsferlinu. Íbúasamtök Vesturbæjar harma að það hafi misfarist að hafa samband við þessa hagsmunaaðila og kalla eftir umbótum á því.

Eins telja íbúasamtökin eðlilegt að haldnir verði íbúafundir um málið þar sem valkostirnir verða ræddir með innleggjum, m.a. frá sérfræðingum Verkefnastofu Borgarlínu, og umræðum meðal íbúanna.

Eðli málsins samkvæmt hafa útfærslur á ofangreindum svæðum ekki verið teiknaðar upp á þessu stigi málsins. Engu að síður er að finna ýmsar teikningar, m.a. frá deiliskipulagsbreytingum fyrir brú yfir Fossvog, sem og tengdar deiliskipulagsbreytingar fyrir Reykjavíkurlugvöll og Nauthólsvíkina.

Erfitt getur verið að meta hversu marktækar þessar teikningar eru. Íbúasamtökin óska eftir samantekt á þeim útfærsluvalkostum sem eru uppi á borðinu og hversu ítarlegar útfærslurnar verða á hverju stigi kynninga.